

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Leikskólalóð í Bjargslandi, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti óverulega breytingu á deiliskipulagi leikskólalóðar Uglukletts í Bjargslandi í Borgarnesi á fundi sínum 13. ágúst 2026. Breytingin tekur til stækkunar á byggingarreit, hækkunar á nýtingarhlutfalli úr 0,17 í 0,2 og aukningar á byggingarmagni úr 1.404 m² í 1.651,2 m².

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 24. ágúst 2026.

Ásgerður Hafsteinsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B deild - Útgáfudagur: 7. september 2026